

**5. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 9. mars í ráðhúsinu á Egilsstöðum.**

**Fundurinn hófst kl. 15:00.**

Á fundarstað eru mættir Björn Ingimarsson, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Hannes Karl Hilmarrson, Stefán Bogi Sveinsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Elvar Kristjánsson. Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

Í fjarfundakerfinu ZOOM eru Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Gauti Jóhannesson, Ásdís Benediktsdóttir, Þorbjörg Sandholt og Bergþóra Birgisdóttir.

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og staðfest.

**2. Val á nafni**

Fulltrúar í Nafnanefnd, Ásdís Benediktsdóttir, Einar Freyr Guðmundsson og Stefán Bogi Sveinsson, gerðu grein fyrir umsögn Örnefnanefndar og tillögum Nafnanefndar.

Umsagnir Örnefnanefndar um 17 tillögur að heitum eru lagðar fram.

Örnefnanefnd mælir með eftirfarandi heitum:

- Múlabyggð
- Múlaþinghá

Örnefnanefnd mælir ekki með heitunum:

- Austurbyggð
- Austurþing
- Austurþinghá
- Múlaþing

Örnefnanefnd leggst gegn heitunum:

- Austurbyggðir
- Drekaþing
- Drekaþinghá
- Eystraþing
- Eystribyggð
- Eystribyggðir
- Eystriþinghá
- Múlabyggðir
- Sveitarfélagið Austri

Nafnanefnd leggur til að íbúar fái tækifæri til að greiða atkvæði um þau tvö heiti sem Örnefnanefnd mælir með, auk heita sem nefndin leggst ekki gegn að frátöldu heitinu Austurbyggð. Austurbyggð hefur verið notað áður um nágrannasveitarfélag og kemur því ekki til álita að mati nafnanefndar.

1. Austurþing
2. Austurþinghá
3. Múlabyggð
4. Múlaþing
5. Múlaþinghá

Nefndin leggur til að kosningaaldur í kosningu um heiti sveitarfélagsins verði 16 ára, en kjörskrá að öðru leyti í samræmi við lög um kosningar til sveitarstjórna. Þá leggur nefndin til að kjósendum verði boðið upp á raðval með því að velja fyrsta og annan valkost.

Undirbúningsstjórn samþykkir tillögur Nafnanefndar og felur verkefnisstjóra að ræða við Þjóðskrá um undirbúning kjörskrár og gera tillögu að útfærslu kosningar með raðvali.

Helgi Hlynur leggur til að íbúum verði jafnframt boðið upp á að velja heitið Drekabyggð, þrátt fyrir að Örnefnanefnd leggist gegn heitinu. Heitið samræmist íslenskri málhefð og málvenju eins og áskilið er í sveitarstjórnarlögum.

Samþykkt með 5 atkvæðum. Fjórir á móti og þrír sitja hjá.

Íbúar munu kjósa á milli sex mögulegra heita á nýtt sveitarfélag.

- |                 |               |
|-----------------|---------------|
| 1. Austurþing   | 4. Múlabyggð  |
| 2. Austurþinghá | 5. Múlaþing   |
| 3. Drekabyggð   | 6. Múlaþinghá |

### 3. Samþykkt um stjórn og fundarsköp

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur staðfest *Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar* nr. 190/2020 og hefur hún verið birt á vef Stjórnartíðinda.

Ákveðið að birta Samþykktirnar á vefnum svausturland.is

Róbert upplýsti að Fyrirtækjaskrá hefur gefið út kennitölu sveitarfélagsins, sem er 660220-1350.

Drög að reglum um þóknanir kjörinna fulltrúa lagðar. Eftir umfjöllun var drögunum vísað til frekari umfjöllunar í Framkvæmdahópi sem fjallar um stjórnsýslumál.

### 4. Háskólastarf á Austurlandi

Jón gerði grein fyrir samskiptum við fulltrúa háskóla í Skotlandi, University of Highlands and Islands, með það að markmiði að stofna til samstarfs um háskóla og rannsóknarstarf á Austurlandi.

### 5. Starfshópar. Staða verkefna

Starfshópar hafa skilað minnisblöðum sem eru aðgengileg í möppum á Dropbox. Farið var stuttlega yfir stöðu einstakra starfshópa, en Framkvæmdahópur mun fjalla nánar um minnisblöðin á fundi í næstu viku og undirbúa fyrir nýja sveitarstjórn.

Ákveðið að birta minnisblöðin á vefnum svausturland.is svo íbúar og frambjóðendur geti kynnt sér fyrir sveitarstjórnarkosningar.

### 6. Undirbúningur kosninga

Róbert sagði frá því að Yfirkjörstjórn hefur tekið til starfa og skipt með sér verkum. Stefán Þór Eyjólfsson er formaður yfirkjörstjórnar.

Yfirkjörstjórn er tekin við undirbúningi og framkvæmd kosninga til sveitarstjórnar, heimastjórna og atkvæðagreiðslu um nafn. Undirbúningsstjórn er yfirkjörstjórn til aðstoðar eftir þörfum.

**7. Erindi frá sveitarfélögum til Undirbúningsstjórnar**

Farið var yfir erindi sem Seyðisfjarðarkaupstaður og Fljótshérað hafa vísað til Undirbúningsstjórnar. Ákveðið að taka öll erindi saman og kynna fyrir nýrri sveitarstjórn.

**8. Næsti fundur Undirbúningsstjórnar**

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 7. apríl.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17:40.